

dóminn, yfirdómsmálaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 20 krónur til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júlí 1917.

Nr. 40/1917.

Gunnar Ólafsson konsúll  
gegn

Sighvati Bjarnasyni og Hannesi Hafstein bankastjórum f. h. Íslandsbanka.

D ó m u r :

Samkvæmt skuldabréfi, dags. 24. septbr. 1904, fekk Guðlaugur heitinn Guðmundsson sýslumaður 6000 kr. að láni í Íslandsbanka. Í skuldabréfinu eru meðal annars þau ákvæði, að lánþegi skuli endurborga lánið innan 6 mánaða frá nefndum degi, að vextirnir 5% séu greiddir fyrirfram fyrir áðurnefnt tímabil (6 mánuði), að til tryggingar lúkningu lánsins með vöxtum o. s. frv. selji lánþegi Íslandsbanka í hendur að handveði veðskuldabréf, dags. 28. júlí 1904 með veði í íbúðarhúsi og öðrum húsum á Kirkjubæjarklaustri, virtum samtals á 6355 kr., og að hann hafi til enn frekari tryggingar fengið Gunnar

Ólafsson verzlunarstjóra í Vík og 4 menn aðra til þess sem sjálfskuldarábyrgðarmenn, einn fyrir alla og alla fyrir einn að ábyrgjast skaðlausa greiðslu á láninu. Þegar Guðlaugur sýslumaður dó var enn ógreitt af láni þessu 3100 kr. og vextir frá 15. sept. 1913, en í dánarbúi hans voru svo mikil fjárþrot, að ekkert fekkst greitt úr því af eftirstöðvum lánsins. Íslandsbanki krafði þá einn af ábyrgðarmönnum lánsins, Gunnar Ólafsson konsúl, áfrýjanda þessa máls, um eftirstöðvar lánsins, en hann sinti eigi þeirri kröfu. Höfðaði bankinn þvínæst þetta mál gegn honum fyrir gestarétti Reykjavíkur og var málið dæmt þar 24. apríl þ. á. á þá leið, að Gunnar Ólafsson skyldi greiða Íslandsbanka 3100 kr. með 6% ársvöxtum frá 24. marz 1914, að viðbættum 1% frá stefnudegi til borgunardags, en málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefir Gunnar Ólafsson skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 15. maí þ. á., og krafist þess aðallega að verða sýknaður í málinu, en til vara að Íslandsbanki verði skyldaður til þess að ganga fyrst að hinu setta veði; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum. Þá hefir áfrýjandi ennfremur krafist þess, að Kristján háyfirdómari Jónsson víki dómarasæti í málinu sökum þess, að hann hafi haft afskifti af því sem banka-  
stjóri Íslandsbanka, og að frá honum sé komið eitt skjalið, er stefndu hafi lagt fram sem gagn í málinu. Skjal það er hér er átt við, er þó eigi frá háyfirdómaranum, heldur er það bréf til hans, dags. 8. apríl 1914, þegar hann var í stjórn bankans, frá

einum ábyrgðarmannanna — ekki áfrýjanda — viðvikjandi framangreindu láni. Þetta bréf gaf ekki tilefni til neinna afskifta af láninu af háyfirðómararans hendi, og með því að hann að öðru leyti hefir á engan hátt verið við mál þetta riðinn, er honum hvorki skylt né heimilt að vikja dómarasæti í því. Verður krafa áfrýjanda um það því leigi tekin til greina.

Af hálfu hinna stefndu er þess krafist, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og bankanum dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Aðalkrafa áfrýjanda um sýknun í málinu er bygd á því, að hann sé algjörlega laus úr ábyrgðinni á umstefndri skuld fyrir þá sök, að stefndi hafi vanrækt að ganga eftir henni á réttum gjaldþaga samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins, en í þess stað veitt gjaldþega gjaldfrest von úr viti án þess að bera það undir ábyrgðarmennina eða fá samþykki þeirra, eða þá gera þeim viðvart um það, og með þessu hafi bankinn breytt og aukið áhættu ábyrgðarmannanna, en ábyrgð þeirra sé í samræmi við ákvæði skuldabréfsins, einskorðuð við þann sex mánaða tíma, er gjaldfrestur var veittur á láninu, enda sé bönkunum hér í bænnum þegar fyrir nokkru orðið það ljóst, að þeir geti eigi lengt gjaldfrest á slíkum lánnum, að ábyrgðarmönnum fornspurðum, og fyrir því hafi þeir orðið að breyta orðalagi skuldbindinga þeirra, er ábyrgðarmenn skrifuðu undir, þannig, að þær séu eigi eins orðaðar og sú, er áfrýjandi hefir skrifað undir fyrir umgetnu láni, heldur taki þær nú skýrt fram, að ábyrgðarmennirnir séu

«bundnir, enda þótt lánið yrði framlengt eða nokkur hluti af því, unz það sé að fullu greitt».

Hinir stefndu mótmæla því, að þetta sé réttur skilningur á ábyrgðarskuldbindingunni, því að hún sé ótakmörkuð og ótímabundin; það hafi að vísu verið réttur bankans, að krefjast fullrar endurgreiðslu á láninu eftir 6 mánuði, en bankanum hafi eigi verið skylt að nota þennan rétt, og venjan sé, að það sé eigi gert, heldur sé slíkum lánum oft leyft að standa fleiri eða færri gjalddagabil, gegn því að vextir séu greiddir og einhver afborgun í hvert skifti, enda komi þetta sér bezt fyrir lánþega og ábyrgðarmenn, og þeir geri oft ráð fyrir og reiði sig jafnvel á, að eigi verði krafist fullrar greiðslu á gjalldaga; svo hafi og verið um þetta lán, að hvorki lánþegi né ábyrgðarmenn hafi búist við, að gengið yrði eftir því svo fljótt. Ef það hefði verið vilji ábyrgðarmannanna, að lánið mætti eigi standa lengur en 6 mánuði, hefðu þeir átt að taka það fram, en ábyrgðarskuldbindingin sé skilyrðislaus og sé þar enginn fyrirvari hafður um þetta. Og þó að bankinn hafi tekið á móti vöxtum og afborgunum, hafi hann eigi með því gert neinn samning eða sætt við lánþega um borgun lánsins og ekki á neinn hátt raskað lánskjörum eða tryggingunni ábyrgðarmönnunum í óhag. Þá mótmæla hinir stefndu því, að neitt verði byggt á hinu breytta orðalagi ábyrgðarskuldbindinganna, sem áfrýjandi getur um, því að áminstur viðauki hafi verið tekinn upp í skuldbindingarskjölin ex tuto og til hægðarauka, og sé skýring eða frekari útlit-

un á hinni ótímabundnu ábyrgð, sem felist í ábyrgðarskjalinu.

Það er eins og þegar er sagt, tekið fram í skuldabréfinu 24. sept. 1904, að vextir »séu greiddir fyrirfram fyrir áðurnefnt 6 mánaða tímabil«, og áritanirnar á skuldabréfið sýna, að vextir af láninu hafa ætíð verið greiddir fyrirfram fyrir misseri í senn, síðasta skifti 27. marz 1913 fyrir misserið til 15. sept. s. á. Það er auðsætt, að lánþega hefir við hverja slíka vaxtagreiðslu verið veittur misserisfrestur á greiðslu höfuðstólsins eða eftirstöðva hans, og verður eigi fallist á það, sem haldið er fram af hálfu stefndu, að enginn nýr samningur hafi af bankanum verið gerður við lánþega um borgun lánsins, en það verður að líta svo á, að í hvert skifti, sem tekið var við vöxtum fyrir óliðinn tíma, hafi verið samið um gjaldfrest á höfuðstólnum fyrir jafnlangan tíma. Samþykkis áfrýjanda var eigi leitað til þessarar breytingar á gjaldfrestinum, og er það eigi sannað gegn mótmælum hans, að hann hafi látið neitt uppi um það, að hann byggist við eða gerði ráð fyrir, að gjaldfresturinn yrði lengdur. Af bréfi áfrýjanda til Íslandsbanka, dags. 13. marz 1914, verður eigi heldur, eins og haldið er fram af hálfu hinna stefndu, léidd nein ályktun um það, að áfrýjandi hafi þá talið sig bundinn við ábyrgðina.

Þótt ábyrgðarskuldbindingin fyrir umræddu láni sé skilyrðis- og fyrirvaralaus, verður jafnt fyrir það að skilja hana í samræmi við ákvæði skuldabréfsins, sem skuldbindingin vísar til, og verður hún eigi talin viðtækari en þau. Í skuldabréfinu er ekkert

áskilið um lenging lánsfrestsins, og var því eigi heimild til, án samþykkis áfrýjanda, að vikja frá ákvæðinu um gjalddagann, og þar sem það þó hefir verið gert, verður það að leiða til þess, að áfrýjandi sé laus við ábyrgð á láninu. Það ber því að sýkna hann af kröfum stefndu í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir málavöxtum rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Gunnar Ólafsson konsúll, á að vera sýkn af kröfum hinna stefndu, bankastjóra Sighvatar Bjarnasonar og Hannesar Hafsteins, fyrir hönd Íslandsbanka í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 16. júlí 1917.

Nr. 5/1917.

Réttvísín  
gegn  
Páli Benediktssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 16. sept. f. á., var Páll Benediktsson, bóndi á